

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 204.

30. júní 1969.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins.

Heildsölugjaldskrá I um raforkusölu til Rafveitu Grindavíkur, Rafveitu Miðneshrepps, Rafveitu Gerðahrepps, Rafveitu Keflavíkur, Rafveitu Njarðvíkur, Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps, Keflavíkurflugvellar, Rafveitu Stokks-eyrar, Rafveitu Eyrarbakka, Rafveitu Selfoss, Rafveitu Hveragerðis og Rafveitu Húsavíkur.

Gjaldskráin gildir um sölu til framantalinna héraðsrafmagnsveitna og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar um eitt úttak við mörk orkuveitusvæðis þeirra með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Raforkugjald.

Aflgjald	1 880.00 kr. á árskw.
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartíma á kw.	25.0 aurar á kwst.
Fyrir næstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartíma á kw.	21.0 aurar á kwst.
Fyrir notkun umfram 4000 klst. ársnýtingu á kw.	20.0 aurar á kwst.

Aflmæling.

Árskw. miðast við álagstoppa, sem er meðalálag á 30 mín. tímabili. Aflgjald skal reiknað á meðaltal hæstu álagstoppa á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. janúar að telja.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kwst. deild með þeim álagstoppi á kw., sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflsnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu aflfi.

Launafll.

Gjaldskráin er miðuð við að fastviksstuðull hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.8 og geta rafmagnsveiturnar krafizt að kaupandi geri ráðstafanir á sinn kostnað til úrbóta, ef þessu skilyrði er ekki fullnægt.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, ársgreiðslu hans, miðuð við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar, eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins.
Hvorki söluskattur né verðjöfnunargjald er innifalið í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 og tekur hún gildi 1. júlí 1969.

Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. júní 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

30. júní 1969.

Nr. 205.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins.**

Heildsölugjaldskrá II um raforkusölu til Rafveitu Vestmannaeyja og Andakilsárvirkjunar.

Gjaldskráin gildir um sölu til framangreindra aðila og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar um eitt úttak við mörk orkuveitusvæðis þeirra með 6—11 kw. spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Raforkugjald.

Aflgjald	1 955.00 kr. á árskw.
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartíma á kw.	26.0 aurar á kwst.
Fyrir næstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartíma á kw.	22.0 aurar á kwst.
Fyrir notkun umfram 4000 klst. ársnýtingu á kw.	21.0 aurar á kwst.